

Aðalfundur Ferðafélags Rangæinga (FFRANG)
29. mars 2023

Miðvikudaginn 29. mars 2023 kl. 20.00 var í Hvolnum á Hvolsvelli haldinn aðalfundur FFRANG vegna starfsársins 2022. Til fundarins var boðað með lögmætum hætti í samræmi við 5. gr. laga félagsins.

Ágúst Sigurðsson, forseti félagsins, setti fundinn og stakk upp á að Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir yrði kjörin fundarstjóri. Var það samþykkt.

Jóhanna Lilja tók við fundarstjórn og stakk upp á Helga Jóhannessyni sem fundarritara sem var samþykkt.

Gengið var til dagskrár aðalfundar skv. 5. gr. laga félagsins.

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs.

Forseti félagsins flutti skýrslu stjórnar vegna starfsársins 2022, sem var fyrsta starfsár félagsins. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu félagsins. Auk þess sem þar kemur fram hefur félagið opnað heimasíðu fyrir félagið. Þá hefur stjórn félagsins samþykkt viðbragðsáætlun Ferðafélags Rangæinga við einelti, ofbeldi og kynferðislegri og kynbundinni áreitni.

2. Samþykkt ársreiknings félagsins vegna liðins árs.

Björn Ingi Jónsson, gjaldkeri félagsins, kynnti reikninga félagsins vegna starfsársins 2022 og voru þeir samþykktir. Reikningar félagsins eru aðgengilegir á heimasíðu félagsins.

3. Lagabreytingar.

Engar tillögur um lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

4. Stjórnarkjör.

Anna Guðrún Jónsdóttir gerði grein fyrir tillögum uppstillingarnefndar sem gerir eftirfarandi tillögur um aðila í stjórn félagsins:

Ágúst Sigurðsson, til embættis forseta félagsins, kjörinn til eins árs
Emilía Sturludóttir og Helgi Jóhannesson, í stjórn félagsins, kjörin til tveggja ára.
Áfram sitja í stjórn þau Björn Ingi Jónsson og Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir, sem bæði voru kjörin til tveggja ára á stofnfundi félagsins.

Í varastjórn:

Sigríður Theodóra Kristinsdóttir og Sigurður Þór Þórhallsson, bæði kjörin til eins árs.

Engin frekari framboð komu fram og var því tillaga uppstillinganefndar samþykkt samhljóða.

5. Kosning tveggja skoðunarmanna.

Uppstillinganefnd gerir að tillögu sinni að þau Þorbergur Albertsson og Sigríður Karólína Viðarsdóttir verði kjörin endurskoðunarmenn félagsins.

Engin frekari framboð komu fram og var tillaga uppstillingarnefndar samþykkt samhljóða.

6. Ákvörðun árgjalds.

Stjórn félagsins gerir að tillögu sinni að árgjald 2023 verði kr. 8.500. Tillagan var samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál.

Ingibjörg Heiðarsdóttir kynnti ferðaáætlun félagsins 2023. Ferðaáætlunin er aðgengileg á heimasíðu félagsins.

Ágúst Sigurðsson, forseti félagsins, þakkaði fundarmönnum og sleit fundi. Fundarmenn gengu að því loknu til kaffiveitinga en Jóhanna Lilja og Anna Guðrún höfðu útbúið frábærar veitingar, kleinur og döðlustykki, sem voru í boði fyrir fundarmenn.



Fundarritari